



Reykjavík 19. desember 2022

Niðurstaða athugunar á markaðssetningu Stefnis hf. á sjóðnum Stefni-Samvali hs.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf í febrúar 2022 athugun á markaðssetningu Stefnis hf. á sjóðnum Stefni-Samvali hs. sem er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta í stýringu Stefnis hf. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort auglýsing Stefnis á sjóðnum, sem birtist á samfélagsmiðlum og í sjónvarpi, uppfyllti þau skilyrði sem gilda um markaðsefni rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða skv. lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga sbr. framselda reglugerð (ESB) 2017/565 sem lögfest var með lögnum. Niðurstöður lágu fyrir í október 2022.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina gerði eftirlitið athugasemdir við framsetningu texta um áhættur og fyrri árangur sem og leturstærð í auglýsingunni og taldi þessi atriði ekki samræmast 1. mgr. 34. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, sbr. nánar tiltekin ákvæði reglugerðar 2017/565.

Auglýsingin var 24 sekúndna löng og sýndi hvernig eign einstaklings hefur þróast frá árinu 1996 til ársins 2021 miðað við mánaðarleg 10.000 króna kaup í sjóðnum. Tvær fjárhæðir (breytur) voru sýndar í auglýsingunni, annars vegar „þín eign“ og hins vegar „þitt framlag“. Í lok auglýsingar birtust svo upplýsingar um áhættur. Að mati fjármálaeftirlitsins voru upplýsingar um áhættur sem og viðvörunartexti um að tölur vísi til fortíðar og að árangur í fortíð gefi ekki áreiðanlega vísbendingu um árangur í framtíð, ekki nægilega áberandi, sbr. b-lið 2. mgr. 44. gr. og d-lið 4. mgr. 44. gr. reglugerðar 2017/565. Þá var leturstærð minni en í umfjöllun um framlag eða eign, sbr. c-lið 2. mgr. 44. gr. reglugerðar 2017/565. Þá var það mat fjármálaeftirlitsins að upplýsingar um fyrri árangur hafi verið mest áberandi hluti upplýsinganna en slík tilvísun á ekki að vera mest áberandi hluti þeirra, sbr. a-lið 4. mgr. 44. gr. reglugerðar 2017/565.